

**Nd. 140. Frumvarp til laga**

um sáttatilaunir í vinnudeilum.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Landinu skal skipt í 4 sáttumdæmi, sem hér segir:

1. sáttumdæmi tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjar, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjörð, Reykjavík, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.

2. sáttumdæmi tekur yfir Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslur, Ísafjörð og Strandasýslu.

3. sáttumdæmi tekur yfir Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Siglufjörð, Akureyri og Þingeyjarsýslur.

4. sáttaumdæmi tekur yfir Múlasýslur, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar fjóra sáttasemjara, 1 í hverju sáttaumdæmi. Sáttasemjari 1. sáttaumdæmis er jafnframt rikissáttasemjari og skal vera búsettur í Reykjavík. Hinir sáttasemjararnir nefnast undirsáttasemjarar. Þeir skulu vera búsettir í sáttaumdæmunum sínum og starfa undir umsjón rikissáttasemjara.

Ráðherra skipar einn varamann fyrir hvern sáttasemjara.

Sáttasemjarar og varasáttasemjarar skulu skipaðir til þriggja ára.

3. gr.

Sáttasemjarar og varasáttasemjarar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Félagsdóms. Tilnefning fer þannig fram, að hinir föstu dómara Félagsdóms tilnefna 3 menn í hvert skipti, sem skipa skal sáttasemjara. Skal einn þeirra skipaður sáttasemjari og annar varasáttasemjari.

4. gr.

Eftir tillögu rikissáttasemjara getur ráðherra skipað sérstakar sáttanefndir í tilteknum vinnudeilum. Um starfssvið og vald slíkra sáttanefnda fer samkvæmt ákvæðum um rikissáttasemjara.

5. gr.

Sáttasemjarar skulu vera íslenzkir ríkisborgarar, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þeir mega ekki hafa þá aðstöðu, að líklegt megi telja, að þeir séu vilhallir í málefnum verkamanna eða vinnuveitenda.

6. gr.

Sáttasemjurum ber að fylgjast með horfum og ástandi atvinnulífsins í undæmum sínum, einkum öllu, sem að vinnukjörum lýtur. Undirsáttasemjurum ber að gefa rikissáttasemjara árlega, á þeim tíma, sem rikissáttasemjari tiltekur, skýrslur um athuganir sínar og störf. Rikissáttasemjara ber að senda atvinnumálaráðuneytinu árlega skýrslu um störf sáttasemjara.

7. gr.

Verkalýðsfélögum, vinnuveitendafélögum og ófélagsbundnum vinnuveitendum er skylt að senda rikissáttasemjara og undirsáttasemjara í hlutaðeigandi sáttaumdæmi afrit af vinnusamningum, jafnskjótt og þeir eru undirritaðir.

Á sama hátt er skylt að senda afrit af uppsögn vinnusamnings, ásamt greinargerð fyrir uppsögninni, þar sem tilgreindar séu ástæður hennar og þess getið, hverjar kröfur aðili ætlar að gera.

Sé vinnustöðvun samþykkt, skal þegar tilkynna það gagnaðilja og sáttasemjara viðkomandi sáttaumdæmis, sem tilkynnir það rikissáttasemjara. Tilkynningin skal gerð í símskeyti.

Aðiljum er skylt að gefa sáttasemjara kost á að fylgjast með samningaumleitunum hvenær sem hann óskar eftir því.

8. gr.

Nú er rikissáttasemjara kunnugt um vinnudeilu, sem ekki heyrir undir úrskurð Félagsdóms, og líkindi eru til, að deilan verði ekki leyst af aðiljum sjálfum, og er honum þá heimilt að taka að sér stjórn samningaumleitana og kalla aðilja til sameiginlegs fundar, hvenær sem hann álitur það heppilegt. Rikissáttasemjari getur falið undirsáttasemjurum að stjórna samningaumleitunum, hverjum í sínu undæmi.

9. gr.

Ef aðili tilkynnir ríkissáttasemjara, að samningaumleitani hafi ekki hafizt eða þeim sé slitið án árangurs og fer fram á, að sáttasemjari taki að sér stjórn samningaumleitana, er sáttasemjara skylt að hefja samningaumleitun þegar í stað.

10. gr.

Sáttasemjarar skulu halda gerðabók; þar skal skrá, hvar og hvenær sáttatilaun fer fram og hverjir eru viðstaddir. Geta skal í aðalatriðum þess, sem fram fer, og greina skjöl, sem fram eru lögð. Ef sátt kemst á, skal skrá hana í gerðabókina og aðiljar rita nöfn sín undir.

11. gr.

Ef sáttasemjara þykir nauðsynlegt, vegna samningaumleitana í vinnudeilu, að fá réttan úrskurð um, hversu hógum var háttað um atvinnureksturinn, hefir hann rétt til að krefja aðilja skýrslu um það. Verði aðiljar ekki við þeirri kröfu, eða skýrslur þeirra eru eigi fullnægjandi, eða það er að öðru leyti nauðsynlegt málinu til upplýsingar, skal sáttasemjari krefjast um það vitnaleiðslu hjá Félagsdómi eða hjá almennum dómstólum. Sáttasemjari hefir rétt til að vera viðstaddur vitnaleiðslur og láta bera upp fyrir vitnunum þær spurningar, sem hann telur líklegar til skýringar málinu.

12. gr.

Sáttasemjara er heimilt, hvenær sem er, að bera fram miðlunartillögu. Miðlunartillögu má ekki birta án samþykkis sáttasemjara, fyrr en báðir aðiljar hafa sent svör sín.

Sáttasemjari ákveður, í samráði við fulltrúa aðilja, hvenær atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu skuli fara fram.

13. gr.

Miðlunartillagan skal borin undir atkvæði eins og sáttasemjari gekk frá henni, og skal henni svarað játandi eða neitandi. Félög verkamanna og vinnuveitenda skulu sjá um, að atkvæðisbærir félagsmenn geti kynnt sér miðlunartillöguna í heild.

Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg og eigi fara fram á félagsfundi, nema sáttasemjari leyfi.

Sáttasemjari ákveður í samráði við aðilja, hve lengi atkvæðagreiðsla stendur yfir.

14. gr.

Strax og atkvæði hafa verið talin, tilkynnir félagið sáttasemjara, hve margir hafi sagt já og hve margir nei og hve margir félagsmenn eru atkvæðisbærir.

Miðlunartillaga sáttasemjara telst felld, ef yfir 50% af greiddum atkvæðum eru á móti henni, enda hafi 75% atkvæðisbærra manna eða meira greitt atkvæði. Móti hverjum einum af hundraði, sem tala greiddra atkvæða lækkar niður fyrir 75%, þarf mótaskvæðafjöldinn að hækka um ½ af hundraði til að fella tillöguna. Ef ekki hafa að minnsta kosti 25% atkvæðisbærra manna greitt atkvæði, telst tillagan samþykkt. Auðir og ógildir seðlar teljast ekki sem greidd atkvæði.

15. gr.

Ef sáttasemjari álitur nauðsynlegt, að deilur í fleiri en einni atvinnugrein séu útkljáðar í einu lagi, getur hann ákveðið í miðlunartillögu, að atkvæðagreiðsla skuli fara fram samtímis í atvinnugreinunum og að samþykkt miðlunartillögu fari eftir samanlögðum tölum greiddra atkvæða og atkvæðisbærra manna í öllum atvinnugreinunum.

Bannað er að birta atkvæðatölur í einstökum félögum eða atvinnugreinum, fyrr en sáttasemjari hefir birt niðurstöðu heildarskvæðagreiðslu.

16. gr.

Sé samningatilaunum í mikilvægri deilu slitið án árangurs, getur ríkissáttasemjari birt skýrslu um málið á þann hátt, sem hann álitur heppilegast til þess að ahlenningur fái rétta hugmynd um deiluna.

17. gr.

Ef annarhvor aðilja vill samþykkja miðlunartillögu sáttasemjara eftir að sáttumleitun hefir verið hætt án árangurs, sendir hann sáttasemjara yfirlýsingu um það. Sáttasemjara ber þegar að láta gagnaðilja vita um yfirlýsinguna. Vilji hann einnig fallast á miðlunartillöguna, sér sáttasemjari um, að aðiljar gangi frá samningum síni á milli.

18. gr.

Eftir að samningaumleitunum sáttasemjara er hætt án árangurs, geta aðiljar hvenær sem er sameiginlega krafizt, að þær verði teknar upp að nýju. Sáttasemjara er einnig heimilt, hvenær sem hann álitur heppilegt, að skora á aðilja að taka þær upp að nýju. Sé mánuður liðinn frá því sáttumleitunum var hætt og enn hafa ekki náðst samningar, ber sáttasemjara að skora á aðilja að hefja sáttumleitanir að nýju.

19. gr.

Bannað er að skýra frá eða leiða vitni um, hvað aðiljar hafa lagt til á sáttafundum sáttasemjara, nema háðir aðiljar samþykki.

20. gr.

Kostnað við sáttumleitanir, þar með talin þóknun til sáttasemjara, greiðist úr ríkissjóði. Atvinnuáráðherra ákveður laun ríkissáttasemjara og þóknun til undir-sáttasemjara.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Um leið falla úr gildi lög nr. 55 frá 27. júní 1925, um sáttatilaunir í vinnudeilum.

### Greinargerð.

#### Um 1. og 2. gr.

Lagt er til, að sáttasemjurum verði fjölgað um þrjá og landinu skipt í 4 sáttumumdæmi. Er ætlað til, að með þessu móti verði auðveldara fyrir sáttasemjara að fylgjast með vinnudeilum og aðdraganda þeirra, og fyrir deiluaðilja að verða aðstoðar hans aðnjótandi. Það er athyglisvert í þessu sambandi, að sáttasemjari, sem nú er aðeins einn, hefir tiltölulega lítil afskipti haft af vinnudeilum í landshlutum fjarri Reykjavík.

Lagt er til, að einn hinna fjöggra sáttasemjara sé ríkissáttasemjari og yfirmaður hinna, og starfi þeir að verulegu leyti eftir hans fyrirsögn.

Tilhögun hliðstæð þessari er höfð í Noregi og Svíþjóð. Í Danmörku eru þrjú sáttasemjarar, en landinu er ekki skipt í sáttumumdæmi, enda ekki þörf á því vegna þess, hve landið er lítið og samgöngur greiðar.

#### Um 3. gr.

Ákvæði gildandi laga um tilnefningu sáttasemjara eru flókin og vafasöm í framkvæmd. Hér er lagt til, að sáttasemjarar séu skipaðir samkvæmt tilnefningu Félagssáttasemjara, en í honum eiga fulltrúar aðilja sæti.

Í Danmörku eru sáttasemjarar skipaðir eftir tilnefningu hins fasta gerðardóms. Í Noregi og Svíþjóð án tilnefningar.

Um 4. gr.

Í sænsku sáttasemjara­lög­un­um er ákvæði um, að ef um mjög alvarlega vinnudeilu er að ræða, megi skipa sérstaka sáttanefnd eða nýjan sáttasemjara í málið. Er lagt til, að svipuð ákvæði verði lögtekin hér samkvæmt 4. gr.

Um 5. gr.

Hér eru tekin upp skilyrði til að geta orðið sáttasemjari, og þurfa þau eigi frekari skýringar.

Um 6. gr.

Hér er ákveðið um skyldu sáttasemjara til að fylgjast með horfum og ástandi atvinnulífsins og gefa skýrslu um störf sín.

Um 7. gr.

Þessi grein kveður á um skyldu aðilja til að láta sáttasemjara í té afrit vinnusamninga. Samskonar ákvæði er í gildandi lögum um sáttatílaunir í vinnudeilum. Þá eru aðiljar og skyldaðir til að senda sáttasemjara afrit af uppsögn vinnusamnings og tilgreina ástæður sínar og kröfur. Sé vinnustöðvun samþykkt, er sérstaklega skylt að tilkynna það sáttasemjara og gagnaðilja. Loks er aðiljum gert að skyldu að gefa sáttasemjara kost á að fylgjast með samninga­um­leitun­um, enda þótt hann enn hafi eigi tekið deiluna í sínar hendur.

Í norsku lög­un­um er ákvæði um að tilkynna samnings­uppsögn og að sáttasemjari geti heimitað upplýsingar m. a. um framkomnar kröfur. Í dönsku og sænsku lög­un­um eru ákvæði um að tilkynna samþykkt vinnustöðvunar. Og sænsku lög­in ákveða, að tilkynningin skuli send viku áður en vinnustöðvunin hefst.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar veita rikissáttasemjara vald til að taka að sér stjórn samninga­um­leitana, hvenær sem hann álitur það heppilegt. Samskonar ákvæði eru í norsku og sænsku lög­un­um og sömuleiðis í núgildandi íslenskum lögum.

Um 9. gr.

Þessi grein er um skyldu sáttasemjara til að hefja samninga­um­leit­anir, ef fram á það er farið af aðilja. Samskonar ákvæði er í sænsku lög­un­um.

Um 10. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um gerðabók sáttasemjara.

Um 11. gr.

Greinin er tekin nærri orðrétt upp úr núgildandi lögum, en bætt inn ákvæði um, að sáttasemjari geti látið vitnaleiðslu fara fram fyrir Félagsdómi. Svipuð ákvæði eru í dönsku og norsku lög­un­um.

Um 12. gr.

Þessi grein er um heimild sáttasemjara til að bera sjálfur fram miðlunartillögu, ef samkomulag hefir ekki náðst, og um það, hvenær atkvæðagreiðsla skuli fram fara. Bannað er að birta tillöguna án samþykkis sáttasemjara, fyrr en aðiljar hafa svarað henni. Svipuð ákvæði eru í norsku og dönsku lög­un­um og í núgildandi ísl. lögum. Sænsku lög­in gera ekki ráð fyrir miðlunartillögu.

Um 13. gr.

Í þessari grein er fram tekið, hversu atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu skuli fram fara, og verkamanna- og vinnuveitendafélögum gert skylt að sjá svo um, að félagsmenn geti kynnt sér efni tillögunnar. Þá er ákveðið, að atkvæðagreiðsla skuli vera skrifleg og leynileg og yfirleitt fara fram á sérstökum kjörstað, en ekki félags-

fundi. Svipuð ákvæði eru í dönsku og norsku lögnum, og einnig nógildandi ísl. lögum.

Um 14. gr.

Í þessari grein er ákveðið, hversu mikill hluti félagsmanna þurfi að greiða atkvæði og hve mikill hluti greiða atkvæði gegn miðlunartillögum til þess að hún teljist felld. Ákvæði þetta er sett til að tryggja það, að litill minni hluti félagsmanna geti ekki felld miðlunartillöguna og þannig orðið orsök vinnustöðvunar, sem meiri hluti félagsmanna er mótfallinn eða kærir sig ekki um.

Reglan um útreikning úrslitanna er hér tekin óbreytt upp úr 7. gr. dönsku sáttasemjaralaganna frá 18. jan. 1934. En hún var þá samþykkt eftir tillögu danska félagsmálaráðherrans, Steinecke.

Um 15. gr.

Það getur oft verið heppilegt og jafnvel nauðsynlegt að leysa í einu lagi deilu í fleiri en einni atvinnugrein. Að því lúta ákvæði þessarar greinar. Hliðstæð ákvæði eru í dönsku og norsku sáttasemjaralögnum.

Um 17. og 18. gr.

Í þessum greinum er kveðið á um það, hversu með skuli fara, ef aðiljar vilja ganga að tillögu sáttasemjara, sem áður hefir verið felld, og hvernig sáttatilaunir skuli upp teknar að nýju. Samskonar ákvæði eru í norsku lögnum.

Um 16. gr.

Þegar svo stendur á, að ekki hefir tekizt að fá lausn þýðingarmikillar vinnudeilu, verður það að teljast mikilsvert, að almenningur eigi þess kost að fá sem nákvæmastar og óhlutdrægastar upplýsingar um deiluatridin og gang málsins í höfuðatriðum. Englendingar leggja mikið upp úr áhrifum almenningsálitsins á sáttavilja deiluaðilja, og Norðmenn hafa tekið ensku löggjöfina til fyrirmyndar, eigi ólíkt því sem hér er gert.

Um 19. gr.

Svipuð ákvæði eru í nógildandi lögum.

Um 20. og 21. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar með frumvarpi til laga um Félagsdóm.